



Þú ert hér: Forsíða / Fréttir / Nýtt kynbótamat og ný reynd naut í notkun

Leita

## Nýjustu fréttir

## Frétt

SpermVital-frysting í þessari viku

Ný nautaskrá að koma út

Upplýsingar um tíu naut úr 2018 árgangi

Jónki 16036 er undan Góa 08037

Breytingar á reyndum nautum í notkun

Nám fyrir verðandi frjótækna

Fyrsta sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Heildareinkunn verður breytt í kynbótamati nautgriparæktarinnar

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

## Nýtt kynbótamat og ný reynd naut í notkun

27/05/2015

Fagræð í nautgriparækt fundaði í gær í kjölfar þess að keyrt var nýtt kynbótamat núna í maí. Ákveðið var að setja þrjú ný reynd naut í dreifingu. Það eru Gustur 09003 frá Hóli í Sæmundarhlíð sem kemur til notkunar sem nautsfaðir, Foss 09042 frá Fossi í Hrunamannahreppi og Gæi 09047 frá Svertingsstöðum 2 í Eyjafirði. Nú þegar hefur verið sent sæði frá nautastöðinni til frjótækna úr þessum nautum.



Búið er að uppfæra kynbótamat og upplýsingar um reynd naut í notkun hér á vefnum.

Þá var ákveðið að nautsfaður til notkunar næstu mánuði verði Keipur 07054, Flekkur 08029, Bambi 08049 og Gustur 09003. Áfram verða teknir nautkálfar á stöð undan Sandi 07014, Toppi 07046, Bláma 07058, Laufási 08003 og Kletti 08030.

Rétt er að taka fram að sú breyting var á kynbótamatinu núna að viðmiðunarárgangur var færður upp um 5 ár þannig að kynbótamatið lækkar án þess að kynbótagildi gripanna hafi í raun minnkað. Vegna þessa ákvað fagræð að mörk fyrir kúr á nautsmæðraskrá verði 106 í heildareinkunn í stað 107 áður.

Stefnt er að útgáfu nýrrar nautaskráar á prentuðu formi í júní og er undirbúningur að úgáfu hennar þegar hafinn.

PDF af þessari síðu

[Líkar þetta](#) Einni manneskju líkar þetta. Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.



